

# Starfsáætlun leikskólans

---

2016 – 2017



Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

## Formáli

(Um starfsáætlanir leikskóla (fylgiskjal/ gátlisti?))

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem áætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðsluviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar. Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun .....	5
2.4 Matsáætlun .....	5
2.1 Innra mat leikskólans.....	6
2.2 Húsnæði og lóð.....	6
2.3 Ytra mat.....	7
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats .....	7
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	8
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	8
4. Starfsmannamál .....	10
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	10
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	10
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	10
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	10
5. Aðrar upplýsingar .....	12
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	12
5.2 Foreldrasamvinna.....	12
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla .....	13
5.4 Almennar upplýsingar .....	13
5.5 Áætlanir .....	13
Fylgirit.....	13
• Matsgögn.....	13
• Leikskóladagatal .....	14
• Umsögn foreldraráðs.....	14
• Annað .....	14

## 1. Inngangur

**Hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h** Hraunvallaskóli er að ganga í gegnum tímamót sem snúa að breytingum á skólastarfinu. Eftir sumarfrí verður leikskólinn fjögurra deilda skóli í stað sex deilda áður. Deildir skólans verða aldursblandaðar með öllum árgöngum skólans. Undirbúningur hefur staðið yfir á áframhaldandi vinnu með það góða starf sem búið var að leggja grunn að fyrir elstu börnin. Námskrágerð hefur staðið yfir á vormánuðum fyrir elstu börnin. Gert er ráð fyrir að fimm ára börnin hittist fjórum sinnum í viku í Grænasal milli kl. 10:00 og 13:00. Eftir þann tíma er útivera til kl.14:30. Unnið verður út frá þemanu „Ég sjálf/ur“ sem tengt er við leiðarljós leikskólans vináttu, samvinnu og ábyrg. Ásamt þemanu „Ég og fjölskyldan mín“ og „Ég og umhverfið“ fyrir alla árganga skólans. Í tengslum við breytingarnar hafa umræður um faglegt starf verið umfangsmiklar á seinni hluta skólaársins meðal starfsfólks um starfshætti og uppbyggingu á starfi leikskólans.

Síðast liðið skólaár var unnið markvisst með læsi og Lubbastundir með öllum aldurhópum skólans. Ásamt áfrahaldandi vinnu með spjaldtölvur og SMTskólafærni. Markvisst var farið í vettvangsferðir með það að markmiði að víkka áhugasvið og sjóndeildarhring barna.

Leikskólinn var með sína fyrstu sumarhátíð í samvinnu við foreldrafélag skólans síðasta sumar og aftur nú í júní. Hátíðin er liður í að efla enn frekar foreldrasamvinnu.

Starfsmanna breytingar áttu sér stað að hausti og aftur um áramótin. Breytingar verða á starfsháttum mötuneyti skólans, fyrirhugað er að vera með aðkeyptan mat. Verið er að skoða hvaða fyrirtæki mun sjá um þann þátt í skólastarfinu.

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.4 Matsáætlun

#### Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta?

1. Starfsánægja haust 2016
2. Viðmót og menning í skólanum haustönn 2016
3. Faglegt starf haust 2016
4. Deildarstarfið haust 2016
5. Námsvið leikskólans vor 2017
6. Framfarir barna í námi og þroska haustönn 2016 og vorönn 2017
7. Leikur og nám vorönn 2017
8. Skipulag náms og námsaðstæður vor 2017
9. SMT vorönn 2017
10. Starfsmannasamtöl vorönn 2017
11. Læsi vorönn 2017
12. Stærðfræði Numicon haust 2017

#### Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta.

1. Spurningalistar. Stuðast við viðmiðin sem eru sett fram í „Barnið í brennidepli“
2. Spurningalistar og umræður. Stuðast við viðmiðin sem eru sett fram í „Barnið í brennidepli“
3. Spurningalistar og umræður á deildarfundum, deildastjórafundum og fagfundum. Stuðast við viðmiðin sem eru sett fram í „Barnið í brennidepli“
4. Spurningalistar og umræður. Stuðast við viðmiðin sem eru sett fram í „Barnið í brennidepli“
5. Á deildastjórafundum með samtölum, skráningum, mati á námi og stöðu barna og upplýsingum frá foreldrum.
6. Á deildarstjórafundum með samtölum, skráningum, mati á námi og stöðu barna og upplýsingum frá foreldrum.
7. Spurningalistar. Stuðast við viðmiðin sem eru sett fram í „Barnið í brennidepli“
8. Spurningalistar. Stuðast við viðmiðin sem eru sett fram í „Barnið í brennidepli“
9. Farið yfir skráningar sem eru framkvæmdar í september, nóvember, janúar og mars. Set listin lagður fyrir á vormánuðum
10. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka starfsmannasamtöl
11. Spurningalistar og umræður
12. Spurningalistar og umræður

#### Hverjir munu taka þátt í matinu?

1. Allir starfsmenn leikskólans
2. Allir starfsmenn leikskólans
3. Allir starfsmenn leikskólans
4. Allir starfsmenn leikskólans
5. Allir starfsmenn skólans
6. Allir starfsmenn skólans
7. Allir starfsmenn skólans
8. Allir starfsmenn skólans
9. Allir starfsmenn skólans

10. Stjórnendur skólans
11. Allir starfsmenn skólans
12. Allir starfsmenn skólans

## 2.1 Innra mat leikskólans

1. Dagskipulagið
2. Læsi
3. Lubbastundir
4. Þemahringurinn
5. Líðan og þróun í starfi
6. SMT

**Dagskipulagið:** Var metið með gátlista og stuðst við viðmiðin í Barnið í brennidepli. Hópastarfið, leikumhverfið, samverustundir, val, hvíld, matartími og móttaka barna. Matið var framkvæmt með samræðum allan veturinn og á vormánuðum voru lagðir fyrir gátlistar. Allir starfsmenn tóku þátt í matinu.

**Niðurstöður:** Sýndu að skoða þarf fyrirkomulagið í hvíld, samverustundum og gera leikumhverfið meira hvetjandi.

**Umbótaáætlun:** Að skapa þægilegt og notalegt andrúmsloft þar sem yngstu börnin hvílast en eldri börnin eiga rólega stund með áherslu á sögustund, framhaldssögu, málörvun og rólega tónlist. Að auka gæði náms og starfs með því að setja niður hugmyndabanka að vinnu með börnum út frá áherslupáttum skólans. Ásamt sönglögum og þulum fyrir allan veturinn. Að starfsfólk sé virkt í að tala, hlusta og veita börnum leikefni og reynslu sem stuðlar að leik og námi hjá þeim.

**Læsi:** Var metið með gátlista og stuðst við viðmiðin í Barnið í brennidepli. Matið var framkvæmt með samræðum allan veturinn og á vormánuðum voru lagðir fyrir gátlistar. Allir starfsmenn tóku þátt í matinu.

**Niðurstöður:** Sýndu að ritmálið má vera meira sýnilegt í leikskólanum og vinna þarf betur með frásagnir, sögur, söng, þulur og ævintýri.

**Umbótaáætlun:** Gera bókstafi, ritmál, hljóð og tákn enn frekar sýnilegt í umhverfinu, vinna betur með söng, vísur og þulur, tengja hljóð og bókstaf, vinna með sjón - heyrnænt minni og efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund barnsins. Markvissar málörvunarstundir.

**Lubbastundir:** Matið fór fram með gátlista og stuðst við viðmiðin í Barnið í brennidepli. Matið var framkvæmt með samræðum allan veturinn. Allir starfsmenn tóku þátt í matinu.

**Niðurstöður:** Tengja þarf Lubbastundur markvissara við daglegt starf, athuga skipulag á Lubbastundum og festa þær inn í skipulag.

**Umbótaáætlun:** Vera með Lubbasöngstund, lubbastundir og vinna með lubba í sköpun.

**Þemahringurinn:** Matið framkvæmt með samtölum og gátlista

**Niðurstöður:** Þemahringurinn inniheldur of mörg þemu.

**Umbótaáætlun:** Vinna með þemað „Ég sjálf/ur“ og tengja við leiðarljós leikskólans samvinnu, vináttu og ábyrg. Ásamt þemanu „Ég og fjölskyldan mín“ og „Ég og umhverfið“

**SMT:** Með Setlistanum og umræðu

**Umbótaáætlun:** Vinna en betur með skráningar sem stuðning fyrir SMT teymisvinnuna

## 2.2 Húsnæði og lóð

Hver lagði mat á húsnæði og lóð og helstu niðurstöður þess, samanber fylgiskjöl.

Í apríl 2016 var gerð úttekt á útisvæði skólans sem var framkvæmd af (BSI sjá fylgiskjal 1).

Næsta skoðun fer fram í apríl 2017. Starfsfólk leikskólans ber ábyrgð á að fara vel yfir lóðina á

hverjum morgni áður en útiveran hefst. Ástand lóðar er skráð á þar til gerð eyðublöð og leikskólastjóri fær upplýsingar um það sem þarf að laga og fylgir því eftir. Hann fer einnig reglulega yfir ástand lóðar. En eru nokkrir þættir sem þarf að laga og er áhersla á að koma þeim í lag sem fyrst.

### **2.3 Ytra mat**

Skólaskrifstofan stóð fyrir foreldrakönnun sem framkvæmd var í mars 2016 af Skólapúlsinum. Send var út rafræn könnun til foreldra allra barna í leikskólanum og var svarhlutfall 78.9% í Hraunvallaskóla.

Vinnustaða könnun var send í janúar 2016 rafrænt til allra starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar sem eru í meira en 30% starfshlutfalli. Í könnuninni var spurt um líðan, heilsu og viðhorf starfsfólks til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Könnunin var unnin í samstarfi við Hjördísi Sigursteinsdóttur, lektor við Háskólann á Akureyri og er hluti af hennar rannsóknarstarfi við háskólann.

**Niðurstöður:** Sýndu að almenn ánægja er með leikskólann, maturinn þarf að vera hollari og einnig fannst foreldrum vanta upp á þekkingu á stefnu skólans.

**Umbótaáætlun:** Matarmál skólans eru í skoðun og mun niðurstaða liggja fyrir á næstu dögum. Í tengslum við stefnu og námskrá skólans mun vera enn frekari áhersla að kynna þessa þætti fyrir foreldrum og öllum sem koma að skólanum. Námskrá er í vinnslu fyrir elstu börnin út frá áherslum skólans sem verður kynnt fyrir foreldrum. Markmiðið með námskránni er að stuðli að gleði, góðri líðan, skilvirku og árangursríku námi barna. Lítil þátttaka var í Vinnustaðagreiningunni og niðurstaðan ekki nægilega marktæk, en sýndi ágæta líðan og starfsánægju hjá þeim sem svöruðu.

### **2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats**

Stuðla að góðu samstarfi milli deilda og faglegum umræðum meðal starfsfólks um starfshætti leikskólans sem stuðla að áframhaldandi uppbyggingu á starfi leikskólans. Að umhverfið og daglegt starf styði vel við faglegt starf. Vinna hugmundabanka sem inniheldur bækur, sönglög, þulur og hugmyndir í vinnu með börnum. Vera með fræðslu og styrkja og starfsmannahópinn í vinnunni. Vinna vel með náms- og kennslugögn sem skólinn býr yfir. Samræma vinnuna með Lubba milli deilda og einfalda þemahringinn. Deildastjórar og skólastjórnendur bera ábyrgð á að fylgja eftir vinnunni. Við leggjum áherslu á að andrúmsloftið í skólanun einkennist af gleði, samvinnu, vináttu og ábyrgð.

### 3. Áherslur í starfi leikskólans

Uppeldisleg áhersla er á að SMT skólafærni og einkunnarorð skólans vinátta, samvinna og ábyrgð endurspegli allt starf skólans. Horft er á leikskólann sem eina heild og að allir upplifi starfsánægju, samvinnu og samheldni í skólanum. Starfshættir og skipulag skólans eiga að veita börnum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði og efla frjóa hugsun. Kennarar eiga að vera börnum góðar fyrirmyndir og umgangast þau með virðingu og hlýju. Dagskipulagið tekur mið af aldri, þroska og þörfum barnanna með áherslu á að þau læri við allar daglegar aðstæður. Börn eru ólík og horft er á að hvert og eitt barn fái notið sín á eigin forsendum. Áfram verður unnið með læsi, stærðfræði og snemmtæka íhlutun. Ásamt vinnu með spjaldtölvur. Verið er að vinna og þróa námskrá fyrir elstu börn leikskólans. Fimm ára börnin koma til með að hittast fjórum sinnum í viku í Grænasal milli kl. 10:00 og 13:00. Eftir þann tíma er útivera hjá þeim til kl.14:30. Námsmiðjurnar skiptast í Læsi og samskipti – Stærðfræði og Sköpun og menningu. Fjórða daginn fer fram val og samstarf við grunnskólann. Grunnskólabörnin sem koma í heimsókn hverju sinni taka þátt í vali með elstu börnunum. Hóparnir verða þrír og börnin blandast í hópana af öllum deildum skólans.

#### 3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár er að vinna markvisst með

- Barnið sjálft
- Vinna með gildin vinátta – samvinna og ábyrgð
- Þemað Ég og fjölskyldan mín
- Þemað Ég og umhverfið
- Læsi og samskipti
- Stærðfræði
- Sköpun
- SMT

Læsi í leikskóla felst í hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd barna.

**Markmið:** Að auka málskilning og máltjáningu barna. Að börnin skilji orð og hugtök, fylgi fyrirmælum, skilji spurningar og margræða merkingu tungumálsins. Að börnin öðlist færni í samskiptum, verði læs á eigin tilfinningar og annarra og umhverfi sitt.

**Leiðir:**

- Vinna með Lubba
- Tengja hljóð og bókstaf, sjón - heyrnrænt minni
- Vinna með söng, vísur og þulur
- Efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund barnsins
- Vinna með hugtök og eflingu orðaforða
- Lesa saman læra að opna bók, að bók hefur kjöl, forsíðu, baksíðu, stóra-litla stafi, fletta og skoða lestrarátt
- Vinna með orð vikunnar
- Ríma/ klappa atkvæði
- Vinna með skriffæri, herma eftir skrift, skrifa form og stafi, nöfn barna, bókstafi, tölustafi og ritað mál
- Vinna með hlustunar- og athyglisleiki (Bókin Markviss málörvun)



- Vinna með Stig af stigi
- Vinna með púsl sem eru forstígr lestrarhugtaka. Vinna með hvaða bútar passa saman, stór, lítil, beinn, hringur, miðja og grunnhugtök
- Vettvangsferðir, gönguferðir, útikennsla, veður, árstíðir og fleira
- Vinna markvisst með hvatningu og hrós
- Gera umhverfið í leikskólanum læsis hvetjandi

Stærðfræði í leikskóla felst í að skapa fjölbreytt tækifæri til stærðfræðilegra leikja þar sem börnin læra og þekkja hugtök. Til að mynda lögun, tölur og talnagild, form, para og flokka.

**Markmið:** Að auka þekkingu barna á helstu grunnþáttum stærðfræðinnar í gegnum leikinn.

**Leiðir:**

- Skapa fjölbreytt tækifæri og aðstæður til kubbaleikja
- Vinna með einingakubba
- Vinna með Numicon stærðfræðikubba
- Vinna með kubba tengja við tölur og hugtök
- Vinna með bækur, sögur og þulur sem innihalda takt og tölur
- Skrifa tölustafi
- Teikna og lita form
- Vettvangsferðir
- Vinna með mynstur og form úr vettvangsferðunum
- Leika með leir
- Tölur og hlutir
- Hafa form og tölur sýnilegt í umhverfinu hafa nöfnin með

### Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.

**Markmið:** Að efla frumkvæði, sjálfstæði og skapandi hugsun barna í gegnum fjölbreyttan leik.

**Leiðir:**

- Vinna með og kanna fjölbreyttan efnivið
- Vinna með frjálsa myndsköpun
- Vinna með sköpun tengda þemavinnu
- Tengja saman sköpun og stærðfræði
- Vinna með bækur, þulur, sögur og ævintýri
- Vinna með myndlist, tónlist, dans og leikræna tjáningu
- Vinna með fjölbreyttra menningu og list
- Taka þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum
- Vettvangsferðir

Skólastjórnendur og deildastjórar bera ábyrgð á vinnuni. Markmiðin verða metin jafnt og þétt yfir skólaárið með samtölum og skráningum. Áhersla verður á að festa þessa þætti sem eru nefndir hér að framan í sessi í skólanum áður en hugað verður að nýjum verkefnum.

## 4. Starfsmannamál

### 4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennari	5	100%	Leikskólakennari
Leikskólaleiðbeinandi A	3	100%	Grunnskólakennari, íþróttakennari, framhaldsskólakennari og BS. í sálfræði
Leikskólaleiðbeinandi B	2	80% -100%	Guðfræði og BS. í sálfræði
Leikskólaleiðbeinandi	26	100%	Ýmiss menntun: grunnskólamenntun, stúdentspróf og fjarnám

### 4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)

Starfsþróunarsamtöl voru tekin í apríl- og maímánuði 2016 og var skipulag með þeim hætti að starfsmenn voru boðaðir í samtöl og tók leikskólastjóri flest samtölin en aðstoðarleikskólastjóri tók nokkur samtöl. Í samtölunum var farið yfir líðan, árangur og starfsþróun. Almenn starfsánægja er ríkjandi en þó eru nokkrir þættir sem þarf að festa í sessi. Í framhaldi var unnin áætlun um símenntun og aðra þætti starfsins með það að markmiði að auka faglegt starf og nýta mannauðinn í skólanum.

### 4.3 Símenntun frá síðasta ári

Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

Allir starfsmenn tóku þátt í símenntun á síðastliðnu skólaári með einum eða öðrum hætti á starfsmannafundun skólans og á skipulagsdögum. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hélt nokkur námskeið sem voru vel sótt og svo voru haldnir fyrirlestrar innan skólans sem bæði voru haldnir af starfmönnum sem og fagaðilum annarsstaðar frá.

- Lubbastundir – 4 starfsmenn
- Skipulögð kennsla – 3 starfsmenn
- SMT fræðsla- allir starfsmenn
- Lubba námskeið – allri starfsmenn
- Námskeið fyrir deildastjóra – 4 starfsmenn
- Hugleiðsla og slökun – 2 starfsmenn
- Stjórnendanámskeið Að stjórna leikskóla – 2 starfsmenn
- SMT námskeið – 2 starfsmenn
- Tras námskeið – 2 starfsmenn
- Áhrif matar á börn – 3 starfsmenn
- Hugleiðsla og slökun fyrir börn – 1 starfsmaður
- SMT 3X2 – 3 starfsmenn
- Lestur er lífsins leikur

### 4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur á fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum). Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing). Megináhersla í símenntun leikskólans næsta skólaár er að tengja símenntun við áherslupætti skólans. Starfsfólk mun sækja, námskeið á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri munu vera með fræðslu um hlutverk deildastjóra.

- Fyrirlestur um Skyndihjálp
- Fræðsla vegna þróunarverkefnisins „Leikur að læsi“
- Fræðsla um Numicon kubba
- Fræðsla um einingakubba
- Námskeið í Hljóm – 2
- Tras námskeið
- PMT - námskeið
- Námskeið í Skipulagðri kennslu
- Fyrirlestur um starfsánægju

## 5. Aðrar upplýsingar

### 5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum. 152 börn
- Kynjahlutfall. 66 drengir og 86 stúlkur
- Dvalarstundi eru 1263
- Deildargildi. 7,72

Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. Flokki 3 börn í 1. flokki og 5 börn í 2. flokki.

Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað). Innan leikskólans eru 23 börn með einstaklingsnámskrá (meðtalin 8 börn sem eru í flokki 1. og 2.), þarf af eru börn með stuðning og önnur sem ekki hafa stuðning. Þau sem ekki hafa stuðning hafa mörg hver einfaldar einstaklingsnámskrár þar sem unnið er með 1-2 þætti. T.d. félagsfærni eða málþroska (og þá drögum við gjarnan þættina úr TRAS út og notum sem grunn að einstaklingsnámskrá).

- Fjöldi barna með ofnæmi 4 börn
- Fjöldi barna með fæðuóþol 6

Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku. 41 tví-eða fjöltungt barn í leikskólanum.

- Fjöldi tungumála. Þjóðerni forsjáraðila 15 mismunandi tungumál töluðum við skólann. Íslenska, enska, pólska, filippeyska, thailenska, kínverska, serbneska, litháenska, slóvakíska, danska, portúgalska, indónesíska, rúmenska, rússneska og svahílí
- Þjóðerni forsjáraðila  
Pólland: 20  
Litháen: 3  
Serbía: 1  
Kína: 1 (2 börn, systkini)  
Danmörk: 1  
Slóvakía: 1  
Thailand: 1  
Rúmenía: 1  
Lettland: 1  
Kenía: 1  
Líbería: 1  
Portúgal: 2  
Marokkó: 1  
Indónesía: 1  
Filippseyjar: 1

### 5.2 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð er starfandi við skólann. Foreldraráð var kosið á Aðalfundi foreldrafélagsins í september og eru þeir foreldrar í ráðinu. Ráðið fer yfir áætlanir og ýmis mál og fundar eftir þörfum hverju sinni.
- Foreldrafélagið Aðalfundur foreldrafélagsins er á hverju hausti.
- Foreldrasamtöl voru haldin skólaárið í febrúar og mars 2016

- Foreldrafundur er í september

### 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Samvinna leik- og grunnskóla er markviss þar sem elstu nemendur leikskólans og fyrstu bekkjar nemendur hittast reglulega yfir veturinn.
- Einnig er samstarf milli sjötta bekkjar og elstu barna leikskólans vegna útskriftar leikskólanemenda.
- Yngri deildar eru í samstarfi við fimmta bekk í tengslum við Dag íslenskrar tungu.
- Nemendur í áttunda, níunda og tíunda bekkja grunnskólans geta valið leikskólann sem valgrein. Markmið er að kynna sér leikskólastarfið og að vinna með ungum börnum einu sinni í viku 80 mínútur í senn.

### 5.4 Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar (dagsetningar og upplýsingar um hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og skipulagsdagar í grunnskólum).
- 28. september 2016
- 21. nóvember 2016
- 4. janúar 2017
- 22. febrúar 2017
- 29. maí 2017

### 5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
  - einelti
  - ofbeldi
  - annað
- Viðbragðsáætlun við.
  - slysum
  - áföllum
  - annað
- Öryggisáætlanir
  - Rýmingaráætlun
  - Vinnuverndaráætlun
  - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

### Fylgirit

- Matsgögn

- **Leikskóladagatal**
- **Umsögn foreldraráðs**
- **Annað**

Hafnarfirði 1.júlí 2016

Sigrún Kristinsdóttir

Leikskólastjóri